

er virðist fluttur burt aftur, mestmegnis til verkunar á öðrum stað, starfsemin yfirleitt takmörkuð og ekki bundin við neina fasteign. En af þeim ástæðum, sem hér eru taldar verður starfsemi þessi ekki álitin heimilisföst atvinnustofnun í merkingu 8. gr. a-lið útsvarslaganna.

Af framangreindum ástæðum verður að neita um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Föstudaginn 20. dez. 1935.

Nr. 38/1935. **Jens Hólmgeirsson**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**Hreppsnefnd Eyrarhrepps, Hálfadáni
Hálfdánarsyni, Eggert Halldórssyni
og Einari Steindórssyni** (Enginn).

Krafa áfrýjanda um að nöfn tveggja manna yrðu tekin út af kjörskrá ekki tekin til greina vegna aðildarskorts.

Dómur gestaréttar Ísafjarðarsýslu 23. júní 1934: Stefndi í aðalmálinu, hreppsnefnd Eyrarhrepps, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Jens Hólmgeirssonar, um það, að hún verði með dómi skylduð til að taka nöfn Eggerts Halldórssonar og Hálfdás Hálfdánssonar út af kjörskrá til alþingiskosninga.

Stefnandi aðalmálsins greiði málskostnað hreppsnefnd Eyrarhrepps, Eggert Halldórssyni, Einari Steindórssyni og Hálfadáni Hálfdánssyni með kr. 35.00 til hvers þeirra.

Dóminum ber hvað málskostnaðinn snertir að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefinni 16. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 6. s. m. og gjafsókn, dags. s. d., og

hefir honum jafnframt verið skipaður málaflutningsmaður. Málið var þingfest í hæstarétti 30. sept. s. l., og með því að enginn mætti þá af hálfu hinna stefndu, hefir það verið flutt skriflega samkvæmt 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstaréttarlaganna, nr. 112/1935, og er það dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Eins og frá er skýrt í hinum áfrýjaða dómi hefir stefndur Einar Steindórsson gengið inn í málið í héraði með meðalgöngustefnu sem varnaraðili við hlið aðalstefndu í héraði, hreppsnefndar Eyrarhrepps, án þess að gera sjálfstæðar kröfur. Þar eð ekki verður álitíð, að hann hafi haft *eigin* hagsmuna að gæta, í sambandi við mál þetta, var honum slík meðalganga ekki heimil, og ber því að vísa meðalgöngusök hans frá undirréttinum, en rétt er að málskostnaður í héraði falli niður, að því er hann snertir, þar eð meðalgöngusök hans virðist ekki hafa haft í för með sér neinn aukakostnað fyrir áfrýjanda í héraði.

Að öðru leyti verður að fallast á það álit héraðsdómarans, að áfrýjanda hafi, samkvæmt 24. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 18/1935, brostið aðild til þess að krefjast í dómsmáli, að nöfn hinna stefndu Hálfðans og Eggerts væru tekin út af kjörskrá, þar eð hann hafði ekki áður kært þetta atriði fyrir hreppsnefnd og málið varðaði hann ekki heldur persónulega. Ber því með þeirri breytingu, er áður greinir, að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Með því að stefndu hafa ekki mætt í málinu í hæstarétti fellur málskostnaður niður. Laun skipaðs málflutningsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti ber að greiða af almannafé, og þykja þau hæfilega ákveðin 80 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Meðalgöngusök stefnds Einars Steindórssonar vísast frá undirréttinum og fellur málskostnaður í héraði niður, að því er hann snertir.

Að öðru leyti skal hinn áfrýjaði dómur vera óraskaður. Málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, hæstaréttarmálflutningsmanns Stefáns Jóh. Stefánssonar, 80 krónur, greiðist úr rikissjóði. Að öðru leyti fellur málskostnaður í hæstarétti niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er með stefnu útgefinni 11. júní s. l., höfðað af Jens Hólmgeirssyni, bústjóra, Tungu Eyrarhreppi, gegn hreppsnefnd Eyrarhrepps. Krefst stefnandi, að nöfn Hálf-dáns Hálfdánssonar og Eggerts Halldórssonar, báðum í Hnífsdal, verði með dómi tekin út af kjörskrá þeirri, er í gildi muni verða við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara 24. júní n. k. Máli sínu til stuðnings færir hann það, að þeir muni ekki hafa kosningarrétt til alþingis, því þeir uppfylli ekki skilyrði það fyrir kosningarrétti, er umgetur í 4. tölulið 1. greinar kosningalaga nr. 18 frá 1934.

Inn í mál þetta hafa gengið sem meðalgöngumenn Hálf-dán Hálfdánsson, Eggert Halldórsson, og Einar Steindórsson, allir til heimilis í Hnífsdal. Hafa þeir allir lagt fram stefnu í málinu.

Í 24. gr. kosningalaganna nr. 18 frá 1934 segir, að með mál sem aðalmál þetta skuli fara sem gestaréttarmál, og er því að réttarins áliti meðalganga Hálfdán Hálfdánssonar og Eggerts Halldórssonar heimil, þar sem mál þetta varðar þá persónulega, og er því rétt, að meðalgöngusakir þeirra sameinist aðalmálinu. Hvað snertir meðalgöngusök Einar Steindórssonar, þá er það upplýst í málinu, sbr. fundargerð hreppsnefndar Eyrarhrepps á rskj. nr. 7, að Einar hefir kært til hreppsnefndar út af því, að Hálfdán Hálfdánsson vantaði á umrædda kjörskrá og olli kæra

hans því, að nafn hans var tekið á kjörskrána og með hliðsjón af 1. mgr. 24. gr. laga nr. 18 frá 1934, er veitir slíkur kærendum réttarfarsleg hlunnindi og því að rétturinn álitur mál þetta skipta Einar Steindórsson það miklu, að það heimili meðalgöngu, enda henni aldrei mótmælt af aðiljum aðalmálsins, þykir rétt, að meðalgöngusök hans einnig sameinist aðmálinu.

Sátta hefir verið leitað fyrir réttinum milli allra aðilja málsins, en án árangurs.

Í aðmálinu hefir umboðsmaður og skipaður talsmaður stefnda hreppsnefndar Eyrarhrepps, krafizt þess, að kjörskrá hreppsins skuli óbreytt þrátt fyrir kröfur stefnandans og að „kostnaður af málinu leiðandi falli á kæranda“, er skilja verður sem kröfu um málskostnaðargreiðslu á hendur stefnanda.

Í meðalgöngusökunum er þess krafizt, að stefndi í aðalsök verði sýknaður af kröfum stefnandans og sé þar með gætt hagsmuna meðalgöngumanna. Einnig krefjast þeir sér tildæmdan málskostnað. Til vara er krafizt frávisunar vegna aðildarskorts. Sýknukröfu sinni til stuðnings færa stefnendur í meðalgöngusökunum það, að málshöfðun stefnandans í aðalsök sé ólögleg vegna þess, að í 24. gr. kosningalaganna sé skýrt tekið fram, að aðeins sá, sem kært hefir til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar yfir kjörskrá og er óánægður með úrskurð hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, geti sótt málið fyrir dómi og þar sem vitað sé, að stefnandi aðalmálsins aldrei hafi kært til stefnda út af því að Eggert Halldórsson eða Hálfðán Hálfðánarson sé á kjörskrá, þá geti hann ekki verið lögmætur aðili í máli þessu. Að öðru leyti fullyrða stefnendur í meðalgöngusökunum, að Eggert Halldórsson og Hálfðán Hálfðánarson uppfylli skilyrði það til kosningarréttar til alþingis, er um getur í 4. lið 1. greinar laga nr. 18 frá 1934.

Að því er frávisunarkröfu meðalgöngumanna snertir þá verður hún ekki tekin til greina af þeirri ástæðu, að þó að um aðildarskort væri að ræða, þá veldur sú ástæða ekki frávisun.

Um kröfu umboðsmanns stefnds í aðmálinu, að kjörskráin skuli óbreytt og kröfu meðalgöngumannanna um sýknu stefnda í aðalsök af áðurgreindum ástæðum, er þetta að segja: Í lögum um kosningar til alþingis, nr. 18

frá 1934, er gert ráð fyrir, að innan nánar tiltekins tíma geti hver sem vill kært út af kjörskrá og leggi síðan hlut-aðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn úrskurð sinn á þær kærur og skuli kjörskráin svo leiðrétt samkvæmt þeim úrskurði. Í 21. grein laganna in fine stendur „Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni, nema dómur sé á undan genginn“. Í 24. grein laganna er svo nánar kveðið á um með hvaða hætti dómur geti gengið í mál-um þessum. Í byrjun þeirrar greinar er nefnt hverjir geti sótt slík mál fyrir dómi og er þar sagt, að þeir geti það, *er áður hafa kært* til hreppsnefndar eða bæjarstjórnar út af kjörskrá, en séu óánægðir með úrskurð, er gengið hefir út af kærinni og enn fremur að maður geti í vissum tilfell-um sótt málið fyrir dómi *ef það varðar hann sjálfan*. Það verður því að telja, að aðalreglan sé, að kjörskrá fái ekki breytt eftir að hinn venjulegi kærufrestur er liðinn og að heimildin til breytingar kjörskrár með dómi séu aðeins undantekningarákvæði frá aðalreglunni. Einnig verður að álíta, að upptalningin í 24 gr. kosningalaganna á aðiljum þeim, er undantekningarréttarins geti orðið aðnjótandi, sé algerlega tæmandi og því viðbót við hana eða analogía út frá henni óheimil.

Ög þar sem stefnandinn í aðalsök, Jens Hólmgeirsson, ekki getur talizt meðal þeirra, er 24. gr. kosningalaganna heimilar að sækja slík mál sem þetta fyrir dómi, ber að taka til greina kröfu stefnds og meðalgöngumanna um það, að stefndan í aðalsök beri algerlega að sýkna af kröfum stefnandans vegna aðildarskorts hans.

Það skiptir ekki máli í þessu sambandi, þó rétt sé að ekki hafi verið unnt að kæra Hálfdán Hálfdánarson út af kjörskrá áður en kærufrestur var liðinn, með því að þann tíma var hann alls ekki á kjörskrá, því annaðhvort hefir löggjafinn ekki gert ráð fyrir slíku tilfelli sem þessu og því ekkert sérákvæði um það sett, sbr. sérákvæðin í 24. grein, eða hann telur með þögninni, að um slík tilfelli skuli fara eftir aðalreglunni í 21. grein kosningalaganna og ber hvorttveggja að sama brunni um niðurstöðu dóms þessa.

Að þessu athuguðu kemur ekki til álita hvort skoða beri, að Eggert Halldórsson og Hálfdán Hálfdánarson upp-fylli skilyrði 4. liðs 1. greinar laga nr. 18 frá 1934 eða ekki.

Hvað viðvikur málskostnaðarkröfum aðilja þykir ekki verða hjá því komið að dæma stefnanda í aðalsök til þess að greiða málskostnað og þykir hann hæfilega ákveðinn með kr. 35.00 til stefnda í aðalmálinu og sömu upphæð til hvers meðalgöngumanna.

Málsvarnarlauna fyrir hinn skipaða talsmann hefir ekki verið krafizt.

Föstudaginn 20. dez. 1935.

Nr. 51/1935. Jónas Sveinsson

gegn

Guðbrandi Ísberg f. h. sýslusjóðs
Austur-Húnavatnssýslu.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jónas Sveinsson, er eigi mætir í málinu greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Föstudaginn 20. dez. 1935.

Nr. 69/1935. Eggert Briem

gegn

Útvegsbanka Íslands h/f

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Eggert Briem, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.